

Hverfisnefnd Naustahverfis

59. fundur, 12. maí. 2014

Fundur haldinn í Sokkatúni 5, kl. 20:30 – 21:45

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eypórsson, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Ósk um styrk fyrir leikvöll við Ásatún 6-8-10

Hverfisnefnd barst erindi frá húsfélaginu við Ásatún 6-8-10 um það hvort nefndin gæti styrkt húsfélagið vegna leikvallar innan lóðar hjá þeim. Það er skemmst frá að segja að hverfisnefnd hefur ekkert með leikvelli á einkalóðum að gera.

2. Framboðsfundur í vor

Flokkarnir eru einn af öðrum að verða búnir að ákveða hvaða fulltrúa þeir ætla að senda á fundinn á fimmtudaginn. Hrafnhildur Karlsdóttir verður fundarstjóri. Mæting kl. 19:30 til að stóla upp, hella upp á kaffi o.þ.h. Bjarni reddar einhverjum finum veitingum.

3. Vorhátíð Naustahverfis

Vorhátíð Naustahverfis miðvikudaginn 28. maí. Auglýsing í Dagskránni, samdægurs, skilar litlum árangri. Spurning hvort Ágúst geti séð um að auglýsa, með tölvupósti og með því að láta unglíngana ganga með auglýsingar í hús. Fáum Dagnýju hjá Akureyrarbæ til að prenta auglýsingu til að afhenda Ágústi. Gísli athugar í pappírurum síðasta árs helstu magntölur.

4. Umhverfisátak 2014

Þurfum að fá fund með Jóni Birgi til að fara yfir stöðu mála þar. Erum við þá að tala um hverfisvöllinn, leiktækin á hann, lýsing við Naustaskóla og upplýsingaskilti við innkeyrslur inn í hverfið. Óskum eftir framkvæmdaáætlun fyrir þá liði sem óskað var eftir.

Í leiðinni er ekki úr vegi að minna á bílastæðamál við Naustaskóla og Naustatjörn. Eigum við nú ekki að reyna að klára þau fyrir haustið.

5. Hjólabann í strætó

Hverfisnefnd hvetur strætó til að endurskoða hjólabann í strætó, þar sem margir íbúar hverfisins hafa nýtt sér að hjóla niður í bæ en nýta svo strætó heim.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:45. Næsti fundur, hjólatúr, áætlaður einhvern góðviðrisdag í næstu viku.